

100 Reglur þessar taka aðeins til þeirra skipa, er getur í 1. gr. og kjölur er
22. sept. lagður að eftir 1. júlí 1937.

Þetta er hér með birt til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 22. september 1936.

Haraldur Guðmundsson.

Vigfús Einarsson.

101
23. sept.

REGLUGERÐ

fyrir Stýrimannaskólann í Reykjavík.

Samkvæmt lögum nr. 100, 23. júní 1936, um stýrimannaskólann í Reykjavík, eru hér með sett eftirfarandi ákvæði.

I. KAFLI

Um markmið skólans og skipulag.

1. gr.

Markmið stýrimannaskólans er að veita þá kunnáttu, er þarf til þess að standast hið minna og meira fiskimannapróf, farmannapróf og skipstjórpróf á varðskipum ríkisins.

2. gr.

Skólinn starfar í þessum deildum:

1. Fjögurra mánaða deild í minnsta lagi undir hið minna fiskimannapróf.
2. Tveggja ára deild undir hið meira fiskimannapróf.
3. Þriggja ára deild undir farmannapróf.
4. Sérstök deild undir skipstjórpróf á varðskipum ríkisins, og gangi nemendur í hana a. m. k. fjóra mánuði, eftir að þeir hafa lokið farmannaprófi.

Fyrsta ár námstímans fer kennslan fram í einu lagi fyrir þá nemendur, sem um ræðir í 2., 3. og 4. lið þessarar greinar.

3. gr.

Hverri kennsludeild skal skipta, ef þörf krefur, í kennslubekki. Í hverjum kennslubekk mega að jafnaði ekki vera fleiri en 20 nemendur.

Þetta ákvæði gildir þó eigi, þegar fyrirlestrar eru fluttir.

II. KAFLI

Um kennsluna.

101
23. sept.

4. gr.

Í skólanum skal kenna: Stærðfræði, siglingafræði, íslenzku, dönsku, ensku, þýzku, eðlisfræði, vélfræði, sjórétt, veðurfræði, hjúkrunarfræði, bókhald, vískafræði, sjómennsku og leikfimi, auk þeirra fræðigreina, sem krafizt er sérstaklega fyrir skipstjóra á varðskipum ríkisins.

5. gr.

Reglur um það, hverju takmarki kennslunni er ætlað að ná í hverri grein, setur atvinnuáráðuneytið með prófreglugerð.

III. KAFLI

Um inntöku nemanda og burtför úr skóla.

6. gr.

Inntökubeiðni nýsveina í skólann skal vera skrifleg og komin til skólastjórans eigi síðar en 1. september. Beiðninni skulu fylgja vottorð um þau atriði, er um getur í 7. gr., og vottorð um siglingatíma samkv. 8. gr.

7. gr.

Þessi eru almenn inntökuskilyrði:

1. Að hafa þá sjón, heyrn og málfæri, sem yfirmannsstaða heimtar.
2. Að kunna sund.
3. Að vera ekki haldinn af neinum næmum sjúkdómi eða líkamskvilla, er orðið geti öðrum nemöndum skaðvænn.
4. Að hafa óflekkað mannorð.

8. gr.

Til þess að verða tekinn í skólann, ber innsækjanda að leggja fram vottorð um þann siglingatíma, sem krafizt er í gildandi lögum um atvinnu við siglingar, til þess að geta fengið það stýrimannsskírteini, er prófið veitir.

Þó má þá, sem ætla að taka hið meira fiskimannapróf, vanta allt að 5 mánaða siglingatíma, eftir atvikum, og þá, sem ætla að taka farmannapróf, allt að 10 mánaða siglingatíma, en lagt skal fram vottorð um fullnægjandi siglingatíma, áður en gengið er undir burtfararpróf.

Til þess að verða tekinn í deild þá, sem býr menn undir skipstjórapróf á varðskip ríkisins, skal umsækjandi hafa lokið farmannaprófi með ekki lægra en meðaleinkunninni 6.

Allan siglingatíma á skipi yfir 15 rúml. skal sanna með sjóferðabók.

Annan siglingatíma skal sanna með vottorði skráningarstjóra.

101

23. sept.

Aðgang að skólanum geta nýir nemendur ekki fengið, eftir að kennsla er byrjuð. Þó má skólastjóri, þegar sérstaklega stendur á, veita undanþágu frá þessu ákvæði.

Úr fyrsta bekk fiskimannadeildar og tveim fyrri bekkjum farmannadeildar má leyfa nemöndum að fara úr skólanum seinni part vetrar, vegna brýnna ástæðna, en þó eigi fyrr en 1. febrúar.

Nú sannar umsækjandi með prófi, að hann hafi þá kunnáttu, sem fyrsti bekkur farmannadeildar veitir, og má þá setja hann í annan bekk hins meira fiskimannaprófs, eða í annan bekk farmannadeildar, eftir því sem við á.

IV. KAFLI

Um kennara skólans.

10. gr.

Kennarar skólans eru:

1. Fastir kennarar: skólastjóri, aðstoðarkennari í siglingafræði og tungumálakennari.
2. Stundakennarar, eftir þörfum, er atvinnumálaráðuneytið setur samkvæmt tillögum skólastjóra.

11. gr.

Skólastjóri skal hafa 15 klukkustunda kennsluskyldu á viku, og aðrir fastir kennarar 24 klst. kennsluskyldu á viku.

12. gr.

Eftir atvikum má í samráði við vélskólann skipta tungumálakennslu þess skóla og stýrimannaskólans milli tungumálakennara skólanna þannig, að hvor tungumálakennarinn kenni það eða þau tungumál í báðum skólunum, sem hann er færari í.

13. gr.

Allir kennarar skólans eiga af fremsta megni að styðja að góðri reglu við skólann og láta sér annþ um, að kennslan nái tilgangi sínum. Kennurum ber jafnan að vera komnir í skólann, áður en kennslustund þeirra byrjar, og fara tafarlaust inn í sína kennslustofu, þegar inn er hringt.

V. KAFLI

Um stjórn skólans.

14. gr.

Skólastjórinn hefir á hendi stjórn skólans undir yfirumsjón atvinnumálaráðuneytisins. Hann skal sjá um, að góðri reglu sé haldið í skólanum, og hafa á hendi reikningshald skólans og eftirlit með viðhaldi hans, ræstingu o. s. frv.

Við hver áramót skal skólastjóri senda ráðuneytinu aðalreikning með fylgiskjölum yfir það, sem skólinn hefir notað umliðið ár. **101**

23. sept.

Að afloknum burtfararprófunum skal skólastjóri senda ráðuneytinu greinilega skýrslu um ásigkomulag skólans, kennsluna og prófin.

15. gr.

Skólastjórinn skal sjá um, að í skólanum séu eftirtaldar bækur: Prófbók, bréfabók, áhaldabók, athuganabók og dagbók, og að reglulega sé í þær ritað, eftir því sem við á.

VI. KAFLI

Um nemendur skólans.

16. gr.

Nemendur eiga í kennslustundum, sem utan þeirra, að sýna kennurum sínum virðing og hlýðni.

17. gr.

Nemendur skulu jafnan vera komnir í skólann á hverjum kennsludegi, áður en kennsla byrjar, og geti nemandi eigi sótt skólann sakir sjúkleika eða af öðrum gildum ástæðum, skal hann samdægurs senda skólastjóra tilkynningu um það, en skólastjóra ber að grennslast eftir, á hvaða rökum afsakanirnar eru byggðar, sé eigi sent læknisvottorð.

18. gr.

Nemendur skulu ávallt vera siðprúðir og ástundunarsamir, ekki viðhafa áflog eða ryskingar í skólahúsinu eða neyta þar matar. Reykingar eru stranglega bannaðar.

19. gr.

Valdi nemandi skemmdum á kennsluáhöldum eða öðrum munum skólans, skal hann bæta þær að fullu.

20. gr.

Skyldir eru nemendur að hlýða sérhverjum þeim reglum og fyrirskipunum, sem með samþykki ráðuneytisins kunna að verða settar, til að styðja að reglu og aga í skólanum.

21. gr.

Brjótí nemandi gegn góðri reglu og velsæmi eða sýni ókurteisi eða óhlýðni eða sé óreglusamur og skólaveri hans teljist skaðleg fyrir skólann eða gagnslaus fyrir nemandann sjálfan, má vísa honum burt úr skólanum um stundarsakir.

Telji kennarar skólans nauðsynlegt að vísa honum burt fyrir fullt og allt, skal til þess fengið leyfi ráðuneytisins.

VII. KAFLI

Um kennslutíma og leyfi.

22. gr.

Skólaárið byrjar 1. október og endar 30. september.

23. gr.

Á viku hverri skulu í hverjum bekk vera allt að 36 kennslustundir. Hver kennslustund sé 50 mínútur, en hlé milli kennslustunda 10 mín. Skólastjóri semur stundatöflu fyrir hvert skólaár og leggur hana undir úrskurð atvinnuáráðuneytisins.

24. gr.

Skipting tímans á viku milli námsgreinanna:

Námsgreinir.	Nemanda- deild undir hið minna fiski- manna- próf	Nemendur til hins meira		Farmannaprófs- nemendur		Nemanda- deild skip- stjóraefna á varð- skipum
		fiskimanna- prófs og farmanna- prófs. Fyrsti bekkur	Síðari bekkur nemanda hins meira fiskimanna- prófs	Annar bekkur	Þriðji bekkur	
Stærðfræði	5	12	3	3	3	„
Siglingafræði	16	3	12	11	11	„
Íslenska	4	4	4	3	3	„
Danska	„	4	3	2	2	„
Enska	„	3	3	3	3	3
Pýzka	„	4	„	3	2	3
Sjóréttur	2	„	2	2	1	„
Heilsufræði	2	1	1	1	1	„
Bókhald	„	1	1	1	1	„
Viðskiptafræði	„	„	1	1	1	„
Eðlisfræði	„	1	1	1	1	„
Vélfræði	„	„	2	2	2	„
Landufr. og veðurfr.	„	„	„	1	1	„
Sjómennska	7	4	3	3	3	„
Stórskotafræði	„	„	„	„	„	5
Ljósfræði	„	„	„	„	„	1
Mælingafræði	„	„	„	„	„	2
Alþjóðaréttur	„	„	„	„	„	2
Alþjóðamerki	„	„	„	„	„	4
Líkamsæfingar	„	1	1	1	1	3
Samtals á viku	36	38	37	37	36	23

Ennfremur er öllum fiskimannaprófsnemöndum og farmannaprófsnemöndum skylt að hlýða á fyrirlestra í sjóvinnufræði tvisvar á mánuði. Þessir nem-

endur skulu og njóta tilsagnar í björgun úr sjávarháaska, eigi sjaldnar en einu sinni á mánuði. 101

23. sept.

Færa má til stundafjölda í námsgreinum hvernar deildar, ef þess er þörf.

25. gr.

Þessi skulu vera lögboðin leyfi:

1. 1. desember.
2. Jólaleyfi, er nær frá 23. desember til 4. janúar, að báðum þeim dögum meðtöldum.
3. Páskaleyfi, er nær frá miðvikudegi fyrir skírdag til þriðja í páskum, að báðum þeim dögum meðtöldum.
4. Sumardagurinn fyrsti.
5. Mánaðarfrí, einn dag í október, nóvember, febrúar og marz, og skal sá dagur valinn í samráði við skólustjóra annara opinberra skóla í Reykjavík.

VIII. kafli.

Um skólalækni o. fl.

26. gr.

Heilsufræðikennari stýrimannaskólans er læknir skólans og hefir hann eftirlit með, að fullnægt sé fyrir mælum um hreinlæti og allt, sem lýtur að almennum heilbrigðismálum við skólann.

Læknir þessi skal og skoða nemendur skólans samkvæmt 27. gr.

27. gr.

Heilsufræðikennarinn skal athuga alla nýsveina skólans, hvort þeir séu haldnir af nokkrum næmum sjúkdómi eða líkamskvilla, er orðið geti öðrum nemöndum skaðvænn, svo og, hvort heyrn og málferi sé eins fullkomið og nauðsynlegt er fyrir skipstjóra og stýrimenn.

28. gr.

Atvinnuáráðuneytið setur reglur um það, hvernig burtfararprófunum skuli hagað, og hvað útheimtist til að standast þau. Það gefur og út fyrirmynd fyrir prófvottorðum.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Reglugerð um sama efni 24. september 1924 er úr gildi fallin.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 23. september 1936.

Haraldur Guðmundsson.

Vigfús Einarsson.